

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/563/EB

2013/EES/4/65

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir skófatnað (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5612)

(2009/563/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til og með 31. mars 2010.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein I. mgr. 6. gr.,

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar vistfræðilegar viðmiðanir.

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

7) Því skal skipta út ákvörðun 2002/231/EB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

8) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir skófatnað á grundvelli viðmiðana í ákvörðun 2002/231/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2002/231/EB, eða samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/231/EB frá 18. mars 2002 um [endurskoðaðar] vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað og breytingu á ákvörðun 1999/179/EB ⁽²⁾. Þessar vist-

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Undir vöruflokkinn „skófatnaður“ fellur allur fatnaður sem er hannaður í því skyni að vernda eða hylja fótinn og er með föstum ytri sóla sem kemst í snertingu við jörðu. Skófatnaður skal hvorki innihalda rafmagns- né rafeindafluti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútö. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútö. EB L 77, 20.3.2002, bls. 50.

2. gr.

Til að unnt sé að veita skófatnaði umhverfismerki Bandalagsins fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn skófatnaður samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 (hér á eftir nefnt „umhverfismerkið“) skal skófatnaðurinn vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnáskýslunni er kenninúmerið „017“ notað fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“.

5. gr.

Ákvörðun 2002/231/EB er felld úr gildi.

6. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum skófatnaður, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/231/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum skófatnaður, sem lagðar eru fram eftir samþykktardag þessarar ákvörðunar en eigi síðar en 31. mars 2010, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2002/231/EB, eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

Þessar umsóknir skulu metnar samkvæmt þeim viðmiðunum sem þær grundvallast á.

3. Þegar umhverfismerki hefur verið veitt á grundvelli umsóknar sem hefur verið metin samkvæmt viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2002/231/EB má nota það umhverfismerki í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðuninum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

- að takmarka magn eittra leifa,
- að takmarka losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda og
- að stuðla að því að framleiddar verði endingarbetri vörur.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu skófatnaðar sem hefur lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Viðmiðunareiningin er eitt skópar. Kröfur eru miðaðar við skóstærð 40 samkvæmt franska kerfinu (e. Paris point). Fyrir barnaskó gilda kröfurnar fyrir skóstærð 32 samkvæmt franska kerfinu (eða stærsta númer ef hámarksstærð er minni en 32 samkvæmt franska kerfinu).

Við beitingu viðmiðananna skal ekki taka tillit til efnisþátta í yfirleðri sem vega minna en 3% af heildarþyngd efri hlutans. Við beitingu viðmiðananna skal ekki taka tillit til efnisþátta í sóla sem vega minna en 3% af heildarþyngd ytri sóla.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist stuðningsgagna og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með samræmi við viðmiðanirnar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (*aths.*: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR**1. Hættuleg efni í fullunninni vöru**

- a) Þegar um er að ræða skó úr leðri skal ekkert sexgilt króm vera í fullunnu vörunni.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferðinni EN ISO 17075 (greiningarmark 3 milljónarhlutar). Undirbúningur sýna skal vera í samræmi við leiðbeiningar í EN ISO 4044.

(Athugasemd: Við greiningu á tilteknum lituðum leðurvörum geta komið upp vandkvæði í mælingum vegna truflana)

- b) Ekki skal vera arsen, kadmíum né blý í búnaði sem er notaður við samsetningu vörunnar eða í fullunnu vörunni.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á einni af eftirfarandi prófunaraðferðum í EN 14602:

- Prófun á búnaði sem er notaður við samsetningu vörunnar. Efnin, sem eru tilgreind í viðmiðuninni, skulu ekki vera greinanleg í búnaði sem er notaður til framleiðslu á fullunnu vörunni.
- Prófun á fullunnu vörunni. Efnin, sem eru tilgreind í viðmiðuninni, skulu hvorki vera greinanleg í efri né neðri hlutum skófatnaðarins eftir að þeir hafa verið aðskildir og fínmálaðir.

Að því er leðurvörur varðar skal undirbúningur sýnis vera samkvæmt EN ISO 4044.

- c) Styrkur óbundins og vatnsrofins formaldehýðs í einstökum hlutum skófatnaðarins skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

- textílefni: ekki greinanlegur,
- leður: 150 milljónarhlutar.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum: Textílefni: EN ISO 14184-1 (greiningarmörk: 20 milljónarhlutar), leður: EN ISO 17226-1 eða 2.

2. Minnkun vatnsnotkunar (einungis við sútnu á húðum og skinnum)

Ekki skal fara yfir eftirfarandi mörk fyrir vatnsnotkun við sútnu á húðum og skinnum ⁽¹⁾:

— húðir: 35 m³/t,

— skinn: 55 m³/t.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram viðeigandi skjöl sem sýna að ekki hafi verið farið yfir tilgreind mörk.

3. Losun sem verður við hráefnisframleiðsluna

- a) Ef skólp frá sútnarverksmiðjum og textíliðnaði er losað beint í ferskvatn skal efnafræðileg súrefnisþörf (COD) ekki nema meira en 250 mg COD/l af því vatni sem losað er.

Ef skólpi frá sútnarverksmiðjum er veitt í skólphreinsistöð sveitarfélags skal viðmiðun þessi ekki gilda, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á eftirfarandi:

— að losun skólps frá sútnarverksmiðjunni í skólphreinsistöð sveitarfélagsins sé heimiluð og

— að skólphreinsistöð sveitarfélagsins sé starfandi og að eftirfylgjandi fráveita á hreinsuðu úrgangsvatni í ferskvatnskerfið sé í samræmi við lágmarkskröfur Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 91/271/EBE (2).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu og viðbótarupplýsingar sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): ISO 6060 — *Water quality, determination of chemical oxygen demand.*

Þegar skólpi er veitt í skólphreinsistöð sveitarfélags skal leggja fram skjöl frá viðeigandi yfirvaldi sem sýna að losunin er heimil og að skólphreinsistöð sveitarfélagsins er starfandi og stenst lágmarkskröfur í tilskipun 91/271/EBE.

- b) Skólp frá sútnarstöðvum skal ekki innihalda meira en 1 mg af þriggildu krómi á lítra eftir meðhöndlun.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu og viðbótarupplýsingar sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 9174 eða EN 1233 eða EN ISO 11885 fyrir Cr.

4. Notkun skaðlegra efna (þar til sala til notenda fer fram)

- a) Óheimilt er að nota pentaklórfenól (PCP) og tetraklórfenól (TCP) og sölt þeirra og estera.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram yfirlýsingu um að hráefnin innihaldi ekki slík klórphenól auk prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum: Leður, EN ISO 17070 (greiningarmörk 0,1 milljónarhlutar), textílefni, XP G 08-015 (greiningarmörk 0,05 milljónarhlutar)

- b) Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í einhver af eftirtöldum arómískum amínum:

— 44-amínódífenýl	(92-67-1)
— bensidín	(92-87-5)
— 4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
— 2-naftýlamín	(91-59-8)
— o-amínó-asótólúen	(97-56-3)
— 2-amínó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
— p-klóranylín	(106-47-8)
— 2,4-díamínóanisól	(615-05-4)
— 4,4'-díamínódífenýlmetan	(101-77-9)
— 3,3'-díklórbensidín	(91-94-1)

⁽¹⁾ Húð er skilgreind sem „ysta þekjan á fullþroskuðu eða fullvöxnu, stórvöxnu dýri, s.s. nautgrip, hesti, kameldýri, fil o.s.frv. ...“. Skinn er skilgreint sem „ysta þekjan á fremur smávöxnu dýri, t.d. sauðkind eða geit eða óþroskuðum stórgrip, t.d. kálfi. Húð af svíni, skriðdýri, fugli og fiski flokkast undir skinn“. (Alþjóðlegt orðasafn yfir hugtök í leðuriðnaði ICT).

⁽²⁾ Stjótd. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

— 3,3'-dímetoxýbensídín	(119-90-4)
— 3,3'-dímetýlbensídín	(119-93-7)
— 3,3'-dímetýl-4,4_-díamínódífenýlmetan	(838-88-0)
— p-kresídín	(120-71-8)
— 4,4'-metýlen-bis-(2-klóranylín)	(101-14-4)
— 4,4'-oxýdíanylín	(101-80-4)
— 4,4'-þíódíanylín	(139-65-1)
— o-tólúídín	(95-53-4)
— 2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
— 2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
— 4-amínóasóbensen	(60-09-3)
— o-anisídín	(90-04-0)

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu lýsa yfir því að slíkir asólitir hafi ekki verið notaðir. Verði þessi yfirlýsing sannprófuð skal nota eftirfarandi prófunaraðferðir: Leður — CEN ISO TS 17234, textílefni — EN 14362-1 eða 2.

Viðmiðunarmörk fyrir textílefni eru 30 milljónarhlutar (athugasemd: falsjávæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-amínóasóbensen og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

Viðmiðunarmörk fyrir leður eru 30 milljónarhlutar (athugasemd: falsjávæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-amínóasóbensen, 4-amínódífenýl og 2-naftýlamín og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

c) Eftirfarandi N-nítrósamín mega ekki greinast í gúmmí:

- N-nítrósódímetýlamín (NDMA)
- N-nítrósódíetýlamín (NDEA)
- N-nítrósódíprópylamín (NDPA)
- N-nítrósódíbútýlamín (NDBA)
- N-nítrósópíperídín (NPIP)
- N-nítrósópýrrólídín (NPYR)
- N-nítrósómorfólín (NMOR)
- N-nítrósó-N-metýl-N-fenýlamín (NMPHA)
- N-nítrósó-N-etýl-N-fenýlamín (NEPHA)

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á prófunaraðferð EN 12868 (1999-12) eða EN 14602.

d) Klóralkön, C₁₀-C₁₃, mega ekki vera í leður-, gúmmí- eða textílhutum skófatnaðar.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu lýsa yfir því að slík klóralkön hafi ekki verið notuð.

e) Engir leysilítir, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi, sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, sem hættulegir umhverfinu og sem hafa fengið eftirfarandi hættusetningar: H40, H45, H49, H50, H51, H52, H53, H60, H61, H62, H63 eða H68 (eða samsetningar þeirra), skulu notaðir. (Flokkunarreglur samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽³⁾ eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽⁴⁾).

⁽³⁾ Stjórn. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjórn. EB L 200, 30.7.1991, bls. 1.

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽⁵⁾. Í slíkum tilvikum má hvorki bæta efnunum né efnablöndum í hráefnin sem hafa fengið, eða kunna að fá, þegar umsóknin er lögð inn, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra): H351, H350, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d, H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannpröfun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

- f) Ekki skal nota alkýlfenóletoxýlat (APE) og perflúoroktansúlfónöt (PFOS).

Mat og sannpröfun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni séu ekki notuð.

- g) Ekki skal nota leysiliti sem flokkast sem næmandi fyrir húð (H43). (Flokkunarreglur samkvæmt tilskipun 67/548/EBE eða tilskipun 1999/45/EB).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Í slíkum tilvikum má hvorki bæta efnunum né efnablöndum í hráefnin sem hafa fengið, eða kunna að fá, þegar umsóknin er lögð inn, eftirfarandi hættusetningu: H317.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

- h) Þalöt: Einungis þalöt, sem hafa verið áhættumetin þegar umsóknin er lögð inn og hafa ekki verið flokkuð með einhverri af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): H60, H61, H62, H50, H51, H52, H53, H50/53, H51/53, H52/53, í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, má nota í vöruna (ef við á). Þar að auki eru efnin DNOP (dí-n-oktýlþalat), DINP (dí-ísónónýlþalat) og DIDP (dí-ísódekýlþalat) ekki leyfð í vöruna.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

- i) Sæfiefni: Eingöngu er leyfilegt að nota sæfiefni sem innihalda sæfandi, virk efni sem eru skráð í I. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ⁽⁶⁾ 98/8/EB og eru leyfð til notkunar í skófatnað.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfur samkvæmt þessari viðmiðun séu uppfylltar ásamt skrá yfir sæfiefnin sem eru notuð.

5. Notkun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda (lífrænna rokefna) við endanlega samsetningu skófatnaðar

Lífræn rokefni eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem, við 293,15 K, hefur gufuþrýsting, sem er 0,01 kPa eða meiri eða er rokkgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða.

Heildarnotkun lífrænna rokefna á lokastigi skóframleiðslunnar skal að meðaltali ekki vera meiri en 20 g af lífrænum rokefnum á hvert skópar.

Mat og sannpröfun: umsækjandi skal leggja fram útreikninga, sem sýna heildarnotkun lífrænna rokefna á lokastigi skóframleiðslunnar, ásamt stuðningsgögnum, prófunarniðurstöðum og upplýsingaskjölum, eftir því sem við á, og skulu útreikningarnir byggjast á EN 14602. (Skipt er að halda skrá yfir aðkeypt leður, lím, áferðarefni og framleiðslu skófatnaðar a.m.k. síðustu sex mánaða.)

6. Orkunotkun

Tilgreina skal orkunotkun á framleiðslustiginu.

Mat og sannpröfun: Þess er farið á leit við umsækjandann að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar samkvæmt lið A1 í tæknilega viðbætinum.

7. Umbúðir fullunninnar vöru

Ef pappakassar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir vera að 100% úr endurunnu efni. Ef plastpokar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir hið minnsta vera að 75% úr endurunnu efni eða úr lífbrjótanlegu eða myltanlegu efni í samræmi við skilgreiningar í EN 13432 ⁽⁷⁾.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

⁽⁷⁾ EN 13432 *Kröfur vegna umbúða sem eru endurheimtanlegar með moltun og lífrænu niðurbroti — Prófunarkerfi og matsviðmiðanir við lokasamþykki umbúða* (e. *Requirements for packaging recoverable through composting and biodegradation — Testing scheme and evaluation criteria for the final acceptance of packaging*).

Mat og sannprófun: með umsókninni skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt tilheyrandi yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Aðeins grunnumbúðir, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB⁽⁸⁾, falla undir viðmiðanir þessar.

8. Upplýsingar á umbúðunum

a) Notendaleiðbeiningar

Eftirfarandi upplýsingar (eða samsvarandi texti) skulu fylgja vörunni:

- „Þessir skór hafa fengið meðferð sem eykur vatnsfráhrindandi eiginleika þeirra. Frekari meðferð er óþörf.“ (Þessi viðmiðun á aðeins við um skófatnað sem hefur verið meðhöndlaður í því skyni að hann hrindi betur frá sér vatni)
- „Láttu gera við skóna, ef þess er kostur, fremur en að henda þeim. Það veldur minni umhverfisspjöllum.“
- „Þegar skófatnaði er hent skal koma honum á viðeigandi endurvinnslustöð í grenndinni ef um hana er að ræða.“

b) Upplýsingar um umhverfismerkið

Eftirfarandi texti (eða samsvarandi texti) skal koma fram á umbúðunum:

„Unnt er að fá frekari upplýsingar um umhverfismerki ESB á vefsetrinu: <http://www.ecolabel.eu>.“

c) Upplýsingar fyrir neytendur

Setja skal upplýsingareit á umbúðirnar þar sem umsækjandi útskýrir nálgun sína að umhverfislegri sjálfbærni.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar og upplýsingar, sem fylgja vörunni, ásamt yfirlýsingu um samræmi við sérhvern hluta þessarar viðmiðunar.

9. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerkinu:

- lítil vatns- og loftmengun,
- dregið úr skaðlegum efnunum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

10. Mælipættir sem stuðla að aukinni endingu

Vinnu- og öryggisskór skulu bera EB-merkið (í samræmi við tilskipun ráðsins 89/686/EEB (9)).

Allur annar skófatnaðar skal uppfylla þær kröfur sem eru tilgreindar í töflunni hér fyrir aftan.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem tekur til mælipáttanna í töflunni hér fyrir aftan og byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum:

- EN 13512 — Yfirleður — Sveigjuþol
- EN 13571 — Yfirleður — Mótstaða gegn því að rifna
- EN 17707 — Sólar — Sveigjuþol
- EN 12770 — Sólar — Slitstyrkur
- EN 17708 — Allur sólinn — Viðloðun sóla
- EN 12771 — Sólar — Mótstaða gegn því að rifna
- EN ISO 17700 — Test methods for uppers, linings and in socks — Colour fastness to rubbing.

⁽⁸⁾ Stjóð. EB L 365, 31.12.1994, a-liður 1. mgr. 3. gr. bls. 10.: „söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveiningu fyrir notanda eða neytanda“.

⁽⁹⁾ Stjóð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18.

	Íþrótaskór	Barnaskór	Létir hversdagskór	Götuskór- karla	Kuldaskór	Götuskór- kvenna	Tískuskór	Ungbarnaskór	Innskór
	Íþrótaskór Purrir = 100 Rakir = 20	Barnaskór Purrir = 100 Rakir = 20	Létir hversdagskór Purrir = 80 Rakir = 20	Götuskór- karla Purrir = 80 Rakir = 20	Kuldaskór Purrir = 100 Rakir = 20 – 20° = 30	Götuskór- kvenna Purrir = 50 Rakir = 10	Tískuskór Purrir = 15	Ungbarnaskór Purrir = 15	Innskór Purrir = 15
Sveigjuþol yfirleðurs: (kc án sýmilegra skemmda)	≥ 80	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Mótaða yfirleðurs gegn því að rifna: (Meðalkraftur við rifnun, N)	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Leður	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4			
Önnur efni	NSC	NSC	NSC	NSC	NSC við – 10 °C	NSC			
Sveigjuþol sóla:									
Skurðtækkun (mm)									
NSC = engar sjálfsprotttnar sprungur									
Slitstyrkur sóla:									
D ≥ 0,9 g/cm ³ (mm ³)	≤ 200	≤ 200	≤ 250	≤ 350	≤ 200	≤ 400			≤ 450
D < 0,9 g/cm ³ (mg)	≤ 150	≤ 150	≤ 170	≤ 200	≤ 150	≤ 250			
Víðleðun yfirleðurs við sóla: (N/mm)	≥ 4,0	≥ 4,0	≥ 3,0	≥ 3,5	≥ 3,5	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
Mótaða sóla gegn því að rifna: (Meðalkraftur, N/mm)									
D ≥ 0,9 g/cm ³	8	8	8	6	8	6	5	6	5
D < 0,9 g/cm ³	6	6	6	4	6	4	4	5	4
Litheildi innra byrðis skófatnaðarins (fóðurs eða innra byrðis yfirleðurs). Grákrarði á filti eður 50 þvotta	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3		≥ 2/3	≥ 2/3

*Tæknilegur viðbætur***A1. Útreikningur á orkunotkun**

Útreikningur á orkunotkun á eingöngu við um samsetningu (framleiðslustig) fullunnar vöru.

Hægt er að reikna út meðalraforkunotkun (AEC) fyrir hvert skópar á tvo vegu:

Á grundvelli heildarskóframleiðslu verksmiðjunnar á dag:

- MJ_{dp} = meðalorkunotkun á dag við skóframleiðslu (rafmagn + jarðefnaeldsneyti) (reiknað á ársgrundvelli),
- N = meðalfjöldi skópara sem eru framleidd á dag (reiknað á ársgrundvelli),

$$AEC = \frac{MJ_{dp}}{N}$$

Á grundvelli framleiðslu verksmiðjunnar á skóm sem bera umhverfismerkið:

- MJ_{ep} = meðalorkunotkun á dag við framleiðslu á skóm sem bera umhverfismerkið (rafmagn + jarðefnaeldsneyti) (reiknað á ársgrundvelli),
- N_{ep} = meðalfjöldi skópara, sem bera umhverfismerkið, sem eru framleidd á dag (reiknað á ársgrundvelli),

$$AEC = \frac{MJ_{ep}}{N_{ep}}$$
